



Fundargerð samgöngunefndar SSA Fundur nr. 1 starfsárið 2015 – 2016

Fundur var haldinn í samgöngunefnd Sambands sveitarfélaga á Austurlandi fimmtudaginn 26. nóvember 2015, kl. 15:00 í húsakynnum Austurbrúar að Vonarlandi á Egilsstöðum.

Á aðalfundi SSA sem haldinn var á Djúpavogi 2. og 3. október sl. voru eftirtaldir kosnir í samgöngunefnd starfsárið 2015-2016:

Aðalmenn:

Gunnlaugur Stefánsson
Jakob Sigurðsson
Anna Alexandersdóttir
Lárus Heiðarsson
Vilhjálmur Jónsson
Einar Már Sigurðarson
Eyjólfur Sigurðsson
Kári Snær Voltingojer

Varamenn:

Arnaldur Sigurðsson
Helgi Hlynur Ásgrímsson
Gunnar Jónsson
Gunnþórunn Ingólfisdóttir
Elfa Hlín Pétursdóttir
Pálína Margeirsdóttir
Sigríður Elva Konráðsdóttir
Sóley Dögg Birgisdóttir

Mættir: Anna Alexandersdóttir, Einar Már Sigurðarson, Eyjólfur Sigurðsson, Gunnlaugur Stefánsson, Gunnþórunn Ingólfisdóttir og Vilhjálmur Jónsson. Fjarverandi voru Jakob Sigurðsson og Kári Snær Voltingojer. Auk þess sat fundinn Björg Björnsdóttir, verkefnastjóri sveitarstjórnarmála sem ritaði fundargerð.

BB setti fundinn og stjórnaði kosningu formanns.

1. Kosning formanns og varaformanns samgöngunefndar starfsárið 2015-2016. Óskað var eftir uppástungum til formanns og varaformanns og bærust tillögur um að Einar Már Sigurðarson yrði formaður og Anna Alexandersdóttir varaformaður. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. BB fól því næst EMS stjórn fundarins.
2. Farið yfir erindisbréf samgöngunefndar. Ákveðið að fundarboð og gögn yrðu send bæði til aðal- og varamanna í nefndinni og aðalmenn boði varamenn til fundar í forföllum. Ákveðið að miða við að fundargerðir verði hafðar uppi á skjá á fundum nefndarinnar og hún verði með þeim hætti frágengin og undirrituð í lok hvers fundar. Nefndin samþykkti einnig að birta fundargerðir á vef SSA, með fyrirvara um staðfestingu stjórnar SSA líkt og kveður á um í 9. gr. erindisbréfsins.
3. Ályktanir SSA í umhverfis- og samgöngumálum. BB fór yfir þá kynningu á ályktunum sem þegar hefur farið fram, bæði á vegum formanns stjórnar SSA og verkefnisstjóra sem og áskorun landshlutasamtakanna. GS lagði til að óskað yrði eftir sameiginlegum fundi í febrúar með fulltrúum Vegagerðarinnar og innanríkisráðuneytis um samgöngumál, áætlanir og



framkvæmdir í landshlutanum. Sömuleiðis lagði GS til að María Hjálmarsdóttir, verkefnisstjóri flugvallarverkefnis, Páll Baldursson, verkefnisstjóri almenningssamgangna í Fjarðabyggð og fulltrúar Fljótsdalshérað verði boðaðir á næsta fund nefndarinnar til að ræða samgöngur í tengslum við millilandaflug á milli Egilsstaða og London í Bretlandi.

4. Önnur mál.

- Gert er ráð fyrir að fundað verði annan fimmtudag í mánuði. Næstu fundir verði fimmtudaginn 17. desember og fimmtudaginn 11. febrúar nk. á Egilsstöðum.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 16.05.

Björg Björnsdóttir
Verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála